



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Náms- og kennsluáætlun með fyrirvara um að einhverjar breytingar geti orðið

KEN213F: Námskrá og skólaþróun í framhaldsskóla á vormisseri 2021

Námskeiðið er 10 ECTS. Námskeiðið er eitt háskólaár jafngildir 1500–1800 vinnustundum eða 25–30 klukkustundum fyrir hverja einingu.

Námskeiðslýsing (úr kennsluskrá)

Í námskeiðinu er fengist við tilhögun og eðli námskráa og þróunarstarfs í skólum, með áherslu á námskrá og skólaþróun í heimaskólum í vettvangsnámi. Áhersla er á að nemendur þjálfist í hagnýtum vinnubrögðum með verkefnum sem unnin eru með því að beina athygli að aðstæðum í heimaskólunum og vinna með gögn þaðan.

Hlutverk námskeiðsins er að fást við samhengi menntastefnu, aðalnámskrár, skólanámskráa og skólaþróunar í framhaldsskólum. Í námskeiðinu er rýnt í menntastefnu eins og hún er á hverjum tíma og aðalnámskrár sem gerðar hafa verið í samræmi við hana. Skoðuð eru gögn um framhaldsskóla en einnig er horft til samhengis skólakerfisins í heild. Nemendur fylgjast með og eftir atvikum taka þátt í skólanámskrágerð í framhaldsskólanum þar sem þeir eru í vettvangsnámi (eða starfa í sem kennarar), bæði almennri skólanámskrá og í sinni námsgrein.

Vinnulag er byggt á viðfangsefnum sem nemendur nálgast sem raunhæf tilvik. Viðfangsefnum í námskeiðinu er ætlað að þjálfa fagmannlegt verklag við að taka þátt í mótun menntastefnu og þróunarstarfs í framhaldsskólum á Íslandi. Nemendur koma með ólíka þekkingu og færni inn í námskeiðið og mikilvægt er að nýta þá þekkingu sem þeir búa yfir við lausn viðfangsefnanna. Jafnframt er nemendum ætlað að bæta við sig fræðilegri þekkingu sem nýtist þeim við lausn viðfangsefna skólastarfs. Mikilvægt er að kennarar og nemendur námskeiðsins hafi víðan sjóndeildarhring og kynni sér margvíslegar kenningar sem eru ofarlega á baugi og meti gagnsemi þeirra í hverju tilviki, auk þess sem sígild hugtök og kenningar um námskrá, skólaþróun og menntastefnu eru meðal viðfangsefna námskeiðsins.

Hæfniviðmið

Að loknu námskeiði á nemandi að geta:

- nýtt sér hugtök, kenningar og rannsóknir um námskrá, skólaþróun og menntastefnu,
- greint inntak og andstæð sjónarmið um menntastefnu, skráðrar sem óskráðrar, innan skóla sem og á landsvísu og alþjóðlega,
- skilið hvernig þjóðfélagsþróun og þróun þekkingar hefur áhrif á námskrár, skólastarf og menntastefnu,
- útskýrt með hjálp kenninga og rannsókna, hvernig skólagærd framhaldsskóla og ýmsir þættir í skólamenningu hafa áhrif á hvernig skólar túlka stefnu menntayfirvalda,
- notað hagnýt vinnubrögð við námskrágerð og skólaþróun í framhaldsskólum,
- greint frá og fundið nýjungar í starfi framhaldsskóla,

- fylgst með rannsóknum á Íslandi og erlendis og fræðilegum skrifum um menntastefnu og skólaþróun.

Fyrir hverja er námskeiðið

Námskeiðið er í kjarna náms í Menntun framhaldsskólakennara en hentar einnig starfandi framhaldsskólakennurum.

Forkröfur

Nemendur í Menntun framhaldsskólakennara eiga að hafa tekið námskeiðið Inngangur á kennslufræði og fyrri hluta námskeiðsins Kennsla á vettvangi og námskeið í kennslufræði greinar sinnar á haustmisseri.

Kennarar

Puríður Jóna Jóhannsdóttir prófessor (PJ), umsjónarkennari, thuridur@hi.is, skrifstofa í Múla, Stakkahlíð, nánari upplýsingar í símaskrá HÍ hér <https://www.hi.is/starfsfolk/thuridur>

Atli Harðarson dósent (AVH) kennir í námsþætti 1

Hjördís Þorgeirsdóttir framhaldsskólakennari (HP) kennir í námsþætti 3

Gestakennarar:

Berglind Rós Magnúsdóttir dósent (BRM) kennir í námsþætti 2 – nemendur framhaldsskólans – biðja hana

Gestakennari: Susan Rafik Hama um framhaldsskólanema með annað tungumál en íslensku NN um starfsbrautir í framhaldsskóla

Kennslufyrirkomulag á vormisseri 2021

Gert er ráð fyrir að námskeiðið verði kennt í fjarnámi á meðan takmarkanir eru á samkomum vegna farsóttarinnar. Ef unnt verður að bjóða uppá staðnám verður það í boði fyrir þá nema sem kjósa það heldur en namar geta tekið námskeiðið alfarið í fjarnámi.

Vikulegar kennslustundir (4) verða **á fjarfundi í Zoom** í 10 skipti frá 14. jan til 16. apríl. Kennt á fimmtudögum kl. 12:30–15:40 frá 14. janúar til 27. febrúar. Kennsluhlé í námskeiðinu vegna vettvangsnáms er 5. mars og 12. mars (tvö skipti).

Vikuleg kennsla hefst aftur 19. mars og síðasti kennsludagur í námskeiðinu er 16. apríl þegar lokaverkefni verða kynnt í málstofum – nánar um fyrirkomulag síðar.

Samtal við kennara um námsmöppu/ferilmöppu verður á Zoom á próftíma – nánar um fyrirkomulag og tímasetningar síðar.

Dagskrá birt með fyrirvara um einhverjar breytingar

Námskrá og skólaþróun í framhaldsskóla Dagskrá: 4 tímar á viku, fimmtudaga kl. 12:30–15:40 í stofu H207	
14. jan. ÞJ	Staðlota tímar kl. 13:10–16:30 Kynning og framtíðarpælingar Þuríður: Kynning á námskeiði: verklag, virkni nemenda, rauntímasamskipti, námsmat og fleira. Verkefni 1: Framtíð menntunar – Samræður á netinu, skil á bloggi í Padlet, tengill á Canvas. Nemar skrá hugleiðingar um reynsluna af þátttöku í verkefninu í ferilmöppuna.
Fyrsti námsþáttur: Menntastefna, aðalnámskrár og skólanámskrár	
21. jan. ÞJ og AVH	Viðfangsefni: Tillaga um menntastefnu á Íslandi til 2030, alþjóðlegir samningar um menntastefnu og fleira Þuríður Jóhannsdóttir: Um Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011, grunnþætti menntunar og stefnuna um skóla án aðgreiningar Verkefni 2: Menntastefna á Íslandi til 2030. Greining og umræða um tillögu að menntastefnu til 2030.
28. jan. AVH	Atli Harðarson: Vandí gagnadrifinnar stjórnslu (20 mínútur); Samspil milli stefnumótunar í menntamálum og hugmynda um hvað menntun er og hvað það þýðir að menntast (10 mínútur). Verkefni 3: Menntastefna, umbætur og skólaþróun
4. feb. AVH	Atli Harðarson: Hlutverk skóla og dygðasiðfræði (20 mínútur); Að sjá menntun frá ólíkum hliðum (10 mínútur). Verkefni 4: Hlutverk skóla og dygðasiðfræði
Annar námsþáttur: Rannsóknir á framhaldsskólum á Íslandi	
2 NEMENDUR FRAMHALDSSKÓLANS – greinar í sérriti Netlu og fleiri	
11. feb. BRM og ÞJ	Berglind Rós Magnúsdóttir: Fyrirlestur um sjálfsmýndarsköpun og framhaldsskólaval Verkefni 5: Umræður um greinar sem fjalla um nemendur í framhaldsskólum og fleiri greinar úr rannsóknum Berglindar og samstarfsfólks sjá <i>Netla sérrit – Framhaldsskólinn í brennidepli</i>
18. feb. ÞJ	Þuríður Jóhannsdóttir: a) Rannsóknir á kennsluháttum í framhaldsskólum; sérstaklega fjallað um kennsluhætti í MTR Verkefni 7a: Umræður um greinar sem fjalla um kennsluhætti í framhaldsskólum. <i>Netla sérrit – Framhaldsskólinn í brennidepli</i> og Skólalíkan sem stuðlar að jafnrétti til náms í <i>Netlu</i> b) Fjarnám og stafræn tækni í framhaldsskólum á tímum COVID-19 Verkefni 7b: Umræða um nýjar rannsóknargreinar um reynsluna af að færa fjarnám á netið á vorönn 2020
25. feb SRH, NN,ÞJ	1. Susan Rafik Hama: Framhaldsskólanemar af erlendum uppruna 2. NN Starfsbrautir og fatlaðir nemendur í framhaldsskólum og/eða Verkefni 6a og 6b: Umræður um rannsóknargreinar um framhaldsskólanema af erlendum uppruna og fatlaða nemendur í framhaldsskólum
4. mars	Kennsluhlé vegna vettvangsnáms Nemar kynna sér þróunarverkefni í heimaskólum
11. mars	Kennsluhlé vegna vettvangsnáms Nemar kynna sér þróunarverkefni í heimaskólum

Þriðji námsþáttur: Skólaþróun og breytingar í skólastarfi - Skipulag ekki alveg fastmótað ennþá	
18. mars ÞJ og HP	Þuríður: Kynning á skólaþróunarverkefni og styrktarsjóðum Hjördís: Um þróunarverkefni í MS og reynslu af styrkumsóknum og sjóðum Verkefni 8: Skólaþróunarverkefni : Vinna við að þróa og útfæra hugmynd hefst.
25. mars ÞJ og HP	Þuríður: Frumkvöðull í upplýsingatækni í kennslu, dæmi um útbreiðslu nýjunga. Um breytingastarf og skólaþróun - rannsóknir, kenningar og líkön Vinnutími fyrir verkefni 8 Umsókn um styrk til þróunarverkefnis
1.–6. apríl ÞJ og HP	Páskafri
8. apríl	Hjördís: innlegg um mótun þróunarverkefna og umsóknir og styrki – opið Vinna við að formgera verkefnið – umsókn um styrk og kynning í málstofu ✓ Vinnutími til að móta og skrifa umsókn um styrk Undirbúa málstofukynningu
15. apríl ÞJ og HP	Málstofur kl. 12:30-16:00. – þarf tíma til kl 17:30 ef 120 nemar kynna verkefni sín. Tími og fyrirkomulag endurskoðast í ljósi aðstæðna í apríl. Verkefni 9: Málstofur í tvískiptum hóp, 3-4 í hóp 30 hópar ef nemendur eru 120, 15 hópar í hvorri málstofu. Miðað við að hver hópur fái 20 mín í kynningu og endurgjöf – 300 mín fyrir 15 hópa =5 klst
23. apríl	Skil á umsókn nemendur þurfa að vera undir það búnir að endurbæta umsóknir sem ekki standast kröfur
Próftími ÞJ	Munnlegt próf á próftíma. Prófið byggist á ferilmöppum nemenda. Gert ráð fyrir að nemar velji eitt verkefni úr hverjum námsþætti og geri grein fyrir því í samræðu við kennara á Zoom-fundi á netinu.

Námsmat og verkefni

Nemar vinna bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni. Til að ljúka námskeiðinu verður að skila öllum verkefnum. Verkefnum þarf að skila á viðeigandi stað á Canvas, flest eru birt á opnu svæði á Canvas þar sem aðrir nemar geta séð og gefið jafningjamat. Skólaþróunarverkefninu er skilað í lokað skilahólf þar sem það fer í gegnum ritskimunforritið Turnitin.

	Skiladagur	Canvas
Verkefni 1: Framtíð menntunar	14. janúar	Padlet
Verkefni 2: Menntastefna á Íslandi	21. janúar	Upptaka
Verkefni 3: Menntastefna, umbætur og skólaþróun	28. janúar	Blogg
Verkefni 4: Hlutverk skóla og dygðasiðfræði	4. febrúar	Glærुकynning
Verkefni 5: Nemendur framhaldsskólans, umræða um rannsóknir Berglindar Rósar og samstarfsfólks	11. febrúar	Umræðupráður
Verkefni 6: Kennsluhættir í framhaldsskólum umræða um rannsóknargreinar um Menntaskólann á Tröllaskaga og Fjarnám og stafræn tækni í framhaldsskólum á tímum COVID-19	18. febrúar	Umræðupráður
Verkefni 7a Framhaldsskólanemar af erlendum uppruna Verkefni 7b Nemendur á starfsbrautum framhaldsskóla	25. febrúar	Umræðupráður

Verkefni 8: Kynning á þróunarverkefni í málstofu með endurgjöf frá nemum og kennurum	15. apríl Og e.t.v. fleiri dagsetningar	Málstofur á Zoom eða í Stakkahlíð
Verkefni 9: Umsókn um styrk til að vinna þróunarverkefni í framhaldsskóla	29. apríl	Skilahólf til kennara
Samtal um ferilmöppu/námsmöppu	Maí	Fundur á Zoom eða skrifleg skil

Ferilmappa (Portfolio) einstaklinga

Verkefnin eru flest samvinnuverkefni en til að halda utan um námsferli hvers nema er ætlast til að þeir haldi einstaklingsbundna ferilmöppu (portfolio). Í möppunni skrá nemendur persónulega minnisþunkta og **birta hugleiðingar um viðfangsefni herrar viku**, stundum nefnt ígrundanir (ca. 1 bls. 500 orð). Námsmappan er í senn námsdagbók, minnisbók og ígrundunardagbók þar sem þið skráið hugleiðingar ykkar um það sem þið eruð að læra í þessu námskeiði. Í möppuna safnið þið hugmyndum ykkar og þælingum út frá námsefninu, fyrirlestrum og verkefnavinnu en einnig því sem er til umræðu í samfélaginu, s.s. í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum. Að safna efni í ferilmöppu er góð leið til að þróa eigin hugmyndir og skilning á menntastefnu, skólastarfi og hlutverki kennara. Sjá greinar með fræðilegri og praktískri umfjöllun um ferilmöppur í d.agskrá fyrir fyrsta tímamann 14. jan á Canvas.

Dagbókina er hægt að skrá hvort sem er í tölvu eða í áþreifanlega bók eða bæði. Samtal við kennara í lok námskeiðs byggir á færslum í ferilmöppuna sem á að endurspegla námsferli hvers nemanda og mynda grunn að samtali við kennara um það sem hver nemi hefur lært í námskeiðinu. Valkostur að namar skili skriflegri greinargerð um ferilmöppuna. Nánar síðar.

Samtal við kennara í lok námskeiðs byggist á ferilmöppum nemenda. Gert ráð fyrir að namar velji eitt verkefni úr ferilmöppunni úr hverjum námsþætti og ræði það verkefni við kennara á netfundi. Nánar um þetta síðar og þann valkost að skila skriflegri greinargerð.

Lesefni

- ✓ Kjarnalesefni í hverjum námsþætti er aðgengilegt á Canvas.
- ✓ Lesefnislistar og viðbótarefni eru birtir á Canvas í tengslum við hverja kennslustund
- ✓ Hluti lesefnis er á ensku þannig að namar verða að geta lesið fræðilegt efni á því máli
- ✓ Um ECTS-viðmið varðandi lesefni má lesa um í grein eftir Baldur Sigurðsson, sjá: <http://netla.hi.is/menntakvika2011/alm/002.pdf>

Ákvæði um mætingar

Samkvæmt kennsluskrá er þátttökuskylda í námskeiðinu hjá öllum nemendum.

Ætlast er til 100% þátttöku í námskeiðinu:

- ✓ Gert er ráð fyrir þátttöku í kennslustundum á netfundi í Zoom eða Stakkahlíð eftir aðstæðum.
- ✓ Namar eru beðnir um að láta umsýjarkennarann Þuríði vita af óhjákvæmilegum fjarvistum og semja við hana um verkefni sem geta komið í staðinn fyrir mætingu.
- ✓ Namar sem ekki geta tekið þátt í kennslustund þurfa að sinna þeirri vinnu sem fram fór í tímanum heima og skila af sér viðeigandi verkefni samkvæmt samningi við umsýjarkennara hverju sinni ásamt færslu í ferilmöppu.

Námsumsjónarkerfi og netsamskipti

- ✓ Námsumsjónarkerfið Canvas er notað til að halda utan um skipulag og efni sem fengist er við.
- ✓ Allt námsefni er aðgengilegt á Canvas og nemar þurfa að fylgjast með upplýsingum sem þar eru birtar fyrir hverja kennslustund.
- ✓ Gert er ráð fyrir að nemar taki þátt í kennslustundum í rauntíma á netfundi þar sem bæði verður hægt að fylgjast með fyrirlestrum og taka þátt í hópvinn
- ✓ Gerðar verða upptökur af fyrirlestrum eða innleggi kennara og þær vistaðar á Canvas.

Vönduð vinnubrögð – ritstuldur

Nemar eru minntir á að öll verkefni sem þeir skila á námskeiðinu eiga að vera þeirra eigin hugverk. Óheimilt er með öllu að nota verkefni frá öðrum eða nýta aftur verkefni sem nemar hafa skilað í öðru námskeiði. Öll notkun heimilda þarf að fylgja reglum um heimildatilvísanir og skráningu. Mjög strangt er tekið á ritstuldi og geta þeir nemendur sem verða uppvisir að slíku átt á hættu að viðurlögum sé beitt (sjá í Kennsluskra).

Ritver Menntavísindasviðs

Á Menntavísindasviði er starfrækt ritver þangað sem nemendur geta leitað til að fá aðstoð við ritgerðaskrif. Sjá <http://vefsetur.hi.is/ritver/>

Námsráðgjöf og sérúrræði: [Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands](#) veitir ráðgjöf og stuðning til handa nemendum Háskóla Íslands sem stuðlar að árangri og vellíðan í námi og starfi og ber ábyrgð á stuðningskerfi fatlaðra stúdenta.